

Skólaráðsfundur

28. maí 2018

Mættir: Sigurbjörg, Björk, María Björk, Bjarki, Maria, Elín, Ásta Jóna, Sigríður Lára, Sigga V. og Eyrún ritar fundargerð.

Fjarverandi: Grenndarfulltrúi hefur sagt sig úr skólaráði.

1. **Ytra mat grunnskólans:** Kominn út skýrsla. Sveitarfélaginu gert að gera umbótaáætlun sem er tilbúin og búið að skila inn. Lifandi plagg. Skýrsla og umbótaáætlun lögð fyrir ráðið. Engar ábendingar frá skólaráði.
2. **Ytra mat leikskólans.** Var í lok apríl. Ekki komin drög af skýrslu, verður opinber í haust. Eyrún greinir frá því sem gott var sem við fengum munnlega frá matsaðilum áður en þeir fóru.
3. **Skólamál Heiðarskóla næsta vetur:** Sigga Lára greinir frá starfsmannabreytingum, sama hlutfall starfsfólks, en aðeins breytingar. Breytingar á námshópum verða næsta vetur, 4. Bekkur fer upp á miðstig. 1.-3. Bekkur saman, 4. Og 5. Saman. 6. Og 7. Bekkur. Unglingadeildin eins. Þetta eru tímabundnar breytingar. Gert til að halda í góða námshópa barna.
4. **Starfsmannahald Skýjaborgar:** Eyrún greinir frá nýjustu breytingum sem samþykktar hafa verið í sveitastjórn, aukning undirbúningstíma, hækkun barngilda 4 og 5 ára barna og stytting vinnuvikunnar. Verið er að auglýsa stöður núna.
5. **Önnur mál:**
 - a. **Grenndarfulltrúi.** Andrea hefur sagt sig úr skólaráði. Við þökkum Andreu kærlega fyrir hennar starf. Okkar vantar nýjan grenndarfulltrúa fyrir næsta skólaráð. Samþykkt að ath. með Berglindi Jóhannesdóttur.
 - b. **Formaður í skólaráði.** Rætt var að gott væri að hafa einn formann skólaráðs úr hópi þeirra sem sitja í ráðina fyrir utan skólastjórana. Tekið var vel í það og ákveðið að hann skuli vera kosinn á fyrsta fundi vetrar.
 - c. **Fulltrúar nemenda.** Rætt að gott væri að hafa fulltrúa nemenda, einn úr 9. bekk og einn úr 10. bekk. Hver situr í tvö ár. Fulltrúum nemenda fannst það mjög góð hugmynd.